
FRÉTTIR ÚR HVOLSSKÓLA

VI. tölublað. XII. árgangur

31. mars 2006

Ábyrgðarmaður: Unnar Þór Böövarsson

Áheitasund 10. bekkjar

Nemendur 10. bekkjar hefja árlegt áheitasund klukkan 13:00 í dag þegar formaður nemendaráðs stingur sér til sunds og syndir fyrsta sprettinn í sundinu sem lýkur ekki fyrr en í næsta mánuði eða klukkan 8:00 laugardaginn 1. apríl.

Foreldrar 10. bekkinga hafa ávallt verið afar duglegir að aðstoða við sundið og er engin undantekning að þessu sinni þar sem þau sjá um talningu og almenna gæslu í tvo klukkutíma í senn meðan á sundinu stendur.

Seinustu viku hafa 10. bekkingar gengið í hús og fyrirtæki og safnað áheitum. Áheitasöfnun hefur verið með tvenns konar hætti. Annars vegar býðst fólki að heita á bekkinn að ná því að synda 70 km og hins vegar að heita ákveðinni krónutölu á hvern syntan kílómetra.

Jafnframt áheitasöfnun buðu nemendur til sölu kaffi, klósett-pappír og hreinlætisvörur og rennur ágóðinn í ferðasjóð 10. bekkinga sem stefna á glæsilega útskriftarferð til Danmerkur í lok maí.

Skemmtileg nýbreytni í skólastarfinu er að 10. bekkingar hafa tekið að sér að aðstoða við frímínútnagæslu í skólanum. Hefur það mælst afar vel fyrir jafnt hjá fyrirmyndunum í 10. bekk sem og yngri krökkunum sem njóta leiðsagnar þeirra eldri í leiktíma sínum.

Að lokum vilja 10. bekkingar koma því á framfæri að þeir eru tilbúnir í hvers konar viðvik sem fólk þarf aðstoð við gegn styrk í ferðasjóð. Áhugasamir hafi samband við Auði eða Gissur til að fá frekari upplýsingar.

Samræmd próf í 10. bekk

Senn líður að samræmdu prófunum í 10. bekk en þau hefjast miðvikudaginn 3. maí og lýkur viku seinna þann 10. maí.

3. maí - Íslenska

8. maí - Samfélagsgreinar

4. maí - Enska

9. maí - Náttúrufræði

5. maí - Danska

10. maí Stærðfræði

Stóra upplestrarkeppnin

7. bekkingar í Hvolsskóla tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem hófst á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember síðastliðinn. Í keppninni er lögð áhersla á að allir nemendur taki þátt. Nemendur æfa upplestur á völdum textum og farið er í þau atriði sem skipta máli við upplestur.

Undankeppni í skólanum fór fram 6. mars þar sem Klara Lind Gyldfadóttir og Þorgeir Sigurðsson báru sigur úr býtum og voru fulltrúar Hvolsskóla á lokahátíðinni sem fór fram á Laugalandi í Holtum fimmtudaginn 16. mars. Klara Lind og Þorgeir stóðu sig með mikilli þrýði og fékk Klara Lind sérstök aukaverðlaun fyrir lestur sinn. Sigurvegari í keppninni var hins vegar Fjóla Kristín Borghildardóttir frá Laugalandsskóla.

Nemendur Hvolsskóla vöktu verðskuldaða athygli þegar þeir sýndu þátt 7. bekkjar í *Skilaboðaskjóðunni* sem sett var upp á árhátíðinni á bolludag og sprengidag. Margrét Tryggvadóttir og Ingibjörg Erlingsdóttir aðstoðuðu umsjónarkennarana þær Ingveldi og Jórunni við undirbúning þátttakenda og leikara á lokahátíðina.

Breytingar á þjónustu mötuneytis

Fram að páskaþingum verður sú breyting á þjónustu í mötuneyti skólans að nemendum sem eru í skólaakstri verður gefinn kostur á að borða hádegismat áður en þeir fara heim með skólabílum. Foreldrar og forráðamenn viðkomandi nemenda hafa nú þegar fengið senda heim skoðanakönnun þar sem leitað er eftir áhuga þeirra á að nýta sér þjónustuna sem er tilraunaverkefni og verður ókeypis fram að páskaþingum.

Biðjum foreldra að bregðast vel við og svara könnuninni hið snarasta.

Aukinn mjólkurkvóti í skólanum

Á seinustu vikum hefur skólinn fengið nýjar mjólkurkúr handa nemendum. Ekki þarf þó að fóðra þær líkt og verðlaunakýrnar í Landeyjunum heldur dugar að panta mjólk í kössum frá MS á Selfossi til að þær gefi af sér ískalda mjólk.

Nú þegar eru komnar kúr í mötuneytið og í Skólaskjólið en eftir er að fá fleiri til að uppfylla þarfir skólans hvað varðar yngsta stig og miðstig. Vonumst við til að fá þær fljótlega... annars gætum við þurft að flytja inn norskt kúakyn sem þykir víst nokkuð skapmikið þrátt fyrir auknar afurðir.

Stærðfræðikeppni grunnskóla á Suðurlandi

Þann 22. febrúar tóku sex nemendur Hvolsskóla þátt í Stærðfræðikeppni grunnskólanna á Suðurlandi sem fram fór í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Mæting var með besta móti og komu þátttakendur úr flest öllum grunnskólum á Suðurlandi. Keppnin er haldin í samvinnu við Flensborgarskólann í Hafnarfirði en þrautirnar eru fengnar þaðan.

Undanfarin ár hafa nemendur úr Hvolsskóla staðið sig mjög vel í þessari keppni og var engin breyting þar á að þessu sinni. Valtýr Freyr Hlynsson, nemandi í 9. bekk, náði þeim glæsilega árangri að hreppa annað sætið í sínum árgangi og hlaut að launum glæsileg verðlaun.

Þess má jafnframt geta að nemendur 9. bekkjar eru í dag að leggja lokahönd á bekkjarverkefnið í KappAbel stærðfræðikeppninni þar sem þau komust áfram í undanúrslit sem haldin verða í Reykjavík dagana 27. og 28. apríl. Glæsilegur árangur hjá 9. bekkjum.

Frídagur næsta mánuð

Seinasti kennsludagur fyrir páskaleyfi er föstudagurinn 7. apríl hjá 1. til 6. bekk. Kennslu lýkur hins vegar fimmtudaginn 6. apríl hjá 7. til 10. bekk vegna sameiginlegrar árshátíðar grunnskólanna í Rangárbíngi og Vestur-Skaftafellsýslu að kvöldi fimmtudagsins.

Kennsla hefst að loknu páskaleyfi samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 19. apríl í öllum bekkjum. Ekki verða nemendur þó lengi í paradís því fimmtudaginn 20. apríl heldur sumarið innreið sína á Klakann með tilheyrandi fríi í skólum.

Einnig viljum við benda á að 1. maí er frídagur og framundan eru vorferðir í skólanum með tilheyrandi röskun á stundatöflu.

Ferð á Stóra-Dímon

Kennaranemarnir Christina Bengtson og Ragnheiður Jónasdóttir voru í vettvangsnámi hjá okkur í mars. Nemendur í 2. og 3. bekk unnu þemaverkefni um Njálu hjá þeim. Verkefnið hófst á því að þeir gengu á Stóra-Dímon miðvikudaginn 15. mars. Veðrið var þokkalegt og stóðu nemendur sig ótrúlega vel. Daginn eftir fóru þeir síðan í Sögusetrið og fræddi Sigrún Ragnarsdóttir forstöðukona þá um Brennu-Njálssögu, skipaferðir á víkingatímanum, ásatrúna og sögur tengdar Njálu. Börnin voru mjög áhugasöm, spurðu margra spurninga og voru kurteis í hvívetna.

Árshátíð

Árshátíð 8. til 10. bekkjar verður haldin í félagsheimilinu Gunnarshólma fimmtudaginn 6. apríl. Árshátíðin er hluti af samstarfi grunnskólanna í Rangárþingi auk þess sem Grunnskóli Mýrdals-hrepps og Kirkjubæjarskóli á Síðu taka þátt í árshátíðinni. Hver skóli verður með vandað skemmtiatriði á árshátíðinni sem lýkur með glæsilegu balli þar sem hljómsveitin *Bjórbandið* mun leika fyrir dansi. Viljum við þakka Landsbankanum á Hvolsvelli sérstaklega fyrir að styðja glæsilega við bakið á okkur á árshátíðinni.

Nemendum 7. bekkjar er samkvæmt venju gefinn kostur á að koma á árshátíðina. Jafnframt minnum við á að 6. apríl er seinasti kennsludagur fyrir páska hjá nemendum í 7. til 10. bekk vegna árshátíðarinnar.

Kosning í foreldraráð

Kosning í foreldraráð fór fram 13. mars. Aldrei hafa fleiri foreldrar kosið en alls voru greidd 103 atkvæði. Kosinn var einn aðalmaður og tveir varamenn. Úrslit kosninga er sem hér segir: Aðalmaður er Anna Berglind Indriðadóttir. Varamenn eru Ásta María Sigurðardóttir og Jónína Kristjánsdóttir.

Við viljum koma á framfæri sérstöku þakklæti til allra þeirra sem gáfu sér tíma til að svara könnuninni um starf skólans og bendum á að niðurstöðurnar verða birtar á heimasíðu skólans.

Glefsur úr skólanum

Hugo Þórisson var með erindi um samskipti barna og foreldra mánudaginn 27. mars. Til fundarins voru boðaðir allir sem koma að 8. bekk í skólanum.

Skólastjórnendur af Suðurlandi og Vesturlandi héldu ráðstefnu um skólamál í sal skólans dagana 23. og 24. mars. Nemendur úr 10. bekk fylgdu þeim í skoðunarferð um skólann og gerðu skólastjórnarnir góðan róm að starfinu sem unnið er hér hjá okkur. Eins er rétt að þakka leiðsögumönnum sérstaklega fyrir afburða leiðsögn.

Elstu nemendur leikskólans hafa verið í heimsókn hjá okkur seinustu daga. Þeir eru hér í nokkurs konar starfskynningu enda styttist í að þeir komi til okkar í 1. bekk. Fengu þeir að taka þátt í starfi yngsta stigsins og kynnast húsnæðinu.

MUNUM EFTIR AÐ BROSA - ALDREI ER GOTT BROS OFNOTAÐ ☺